

kent við timburmannssoninn frá Nazareth, unga ágætis manna-
ina, er þeir lílítu í fyrndinni á Vorinngöngudaginn í Jerú-
salem! Hefði hann getað horft fram til þessa dags, er vafa-
mál hvort orð hans hefði ekki hljóðað: „Allmargir kveikja
ljós til að setja það undir mæliker.

Guð fer að verða börnum sínum til byrði, ef *trúin* á
hans nafn heimtar öllu lengur slíkan hégóMLEIK“.

Það sem allir álita.

Það er eitt sem menn játa skilyrðislaust allir saman:
„Sannleikurinn á ætíð ógreiða götu í heiminum.“

Það er næstum það eina, sem öllum kemur saman um.
Flestar aðrar staðhæfingar eiga fleiri eða færri mótmælendur.

En vegna hvers á sannleikurinn örðugt uppdráttar? Af
því allir óttast hann í of ríkum mæli. Stjórnin missir vald-
ið, kyrkjan missir af biblunni, bíblan af heilagleikanum,
hjátrúin af hefðinni, hefðin af undirgefnni, þjónninn af
þrælsóttanum, konungurinn af kórónunni, fíflid af metun.—
Eru þetta svo háskalegir erviðleikar, eða ramt móttöðuafl?

Hin ytri náttúra er eldri en alt þetta og varir lengur en alt
þetta. Hún varir lengur en nokkur kyrkja, eða bíbla, eða
hjátrú, eða hefð, eða undirgefni eða þrælsótti, eða konungur
eða kóróna, eða fífl eða auðmýkt. Og í ytri náttúrunni er ekkert
nema sannleikur—guðs llög.—Hann er þar alt í öllu.

Myndun jarðarinnar, fall straumsins, vöxtur jurtanna, hiti
og kului, ljós og myrkur, stjörnuhröp um heiða nótt, regn og
snjór, alt er það sannleikur, og ekkert nema sannleikur. Það
er ekkert á verði, sem aftrar því sanna að ske, og það fyrir
allra opnum augum. Þar er ekkert sem reynir að villa nokkrum
sjónir, því þar er ekkert að dylja eða fela.

Sannleikurinn á ekki ervitt uppdráttar í heiminum, því
hann er líf, hræring, viðhald, takmark, upphaf og endir al-
heimsins.